

# Welcome to Papey!

We welcome you on board m/b Gísli í Papey.

We are heading towards Papey which is about 30 minutes sailing from Djúpvogur. Estimated time of this trip is 4 hours including a guided sightseeing tour ca. 3 hours on the island itself. On the way to Papey we pass a group of skerries where you can see many seals lying on the cliffs. A wonderful opportunity for photographers.

Papey is of great interest, not only for naturelovers but also because for centuries it was the only inhabited island off Iceland's east coast. Papey, the main island, is about 2 km<sup>2</sup> and surrounded by many outlying islands. The by far biggest one is Arnarey, with beautiful landscape, hills and slopes with sweetsmelling reed-grass. In the north-east of Papey is the longest and greenest one of these islands, called Flatey. Others of the most interesting ones are Höfðinn, Sauðey, Hvanney and Arfaklettur. Höfðinn is south of Flatey but the three others lie south of Arnarey in the same row as mentioned. All these islands are teeming with various birds and you can also find seals on the skerries.

There are many big bird cliffs in Papey and as long as its history, men have jumped from ledge to ledge collecting eggs, mainly of guillemots, but also puffins and other seafowl. The fowling cliffs are magnificent, reaching 20 to 45 m in the air. The main cliffs, Góðabjarg and Skálm, are by the port Árhöfn. Others to name are Hrafnabjörg, Eldriðinn, Höfðinn and Mávabyggðir. We sail into Árhöfn close to Góðabjarg "Seeing is believing", so we advise you to have the camera prepared. There are two natural harbours in Papey. The main port is Selavogur in the south-west. The other one is Áttahringsvogur (Áttæringsvogur) in the north-east of the island.

Papey's history plays an important role for the history of Iceland, because Irish monks are thought to have lived there before the Viking incursion. They went away when the Vikings came, because they didn't want to live among the heathens. The island itself is named after the monks, who were called Papar and other local names also remind of them like Írskuhólararnir (the Irish hills) and Papatættur.

According to source material, the first tenant farmer was Eiríkur Höskuldsson, a priest from Heydalir, his father was Höskuldur Einarsson and his father was Einar Sigurðsson, a much loved poet and a priest, at Háls in Hamarsfjörður 1635-1653. Many people have lived in Papey since. All of them have in common that they were believed to be prosperous farmers.

In Papey there is an old house which Gísli of Papey built at the beginning of the last century. There you can also see the smallest and oldest wooden church in the country, believed to be built in 1807. A perfect place for a private wedding.

Not far in the north of the house called Bjarg, is a big and beautiful rock tower called Einbúi (The Loner). It is said to be an elf church.

Above the harbour Árhöfn on the south-west of the island, where the main cliffs are, stands an impressive rock called Kastali (the Castle). The Castle is said to be the home of all the elves in Papey and that they have always lived peacefully with the other inhabitants of the island.

On top of Hellisbjarg, which is the highest part of the island, 58 m above sea level, is a lighthouse built in 1922. From there is the greatest view of the island, over the whole island and the surrounding area.

## HAVE A NICE TRIP!

Daily departures to Papey at 13:00 from May 15 to Sept. 15. Duration 4 hrs.

### Specialized trips such as:

- Seal and birdwatching tours • Seals close-up tour
- Angling upon request • Contact us for further information.



PAPEYJARFERÐIR  
... draumaland ferðamannsins

Sími/Tel. 478 8119

Langabúð/Information centre 478 8220 • fax 478 8183

Gsm/Mobile 659 4055 (Leiðsögumaður/Guide)


Gsm/Mobile 866 1353 (Már)

Gsm/Mobile 862 4399 (Þórlaug)

Netfang/Email: papey@djupvogur.is

PAPEYJARFERÐIR  
... draumaland ferðamannsins

765 Djúpvogi - East Iceland



# VELKOMIN Í PAPEY!



Siglingin út í Papey tekur 45 mínútur. Á leiðinni siglum við framhjá skerjum þar sem heldur til hópur af selum. Þessir selir eru afskaplega gæfir því þeir hafa vanist Papeyjarbátnum og eru því kjörið viðfangsefni ljósmyndara.

Papey er um tveir ferkílómetrar að stærð og er frá gamalli tíð talin hæfileg skammdegisganga að ganga umhverfis eyjuna, út á hvern tanga og inn í hverja vík. Aðaleyjunni fylgja margar úteyjar. Langstærst þeirra er Arnarey. Þar er landslag fagurt, hólar og brekkur með ilmandi reyrgresi. Norðaustan við eyjuna er lengsta og grösugasta eyjan og heitir hún Flatey. Helstu eyjar aðrar eru Höfðinn, Sauðey, Hvanney og Arfaklettur. Höfðinn er suður af Flatey en hinar þrjár suður af Arnarey í sömu röð og áður eru nefndar. Allar þessar eyjar eru iðandi af fjölbreyttu fuglalífi og er selur á skerjum þar allt í kring. Rostungar eru sjaldséðir hér við land en sumarið 2000 nam rostungur land í Papey, og hélt þar til á skerjum allt sumarið.



Fuglabjörg eru mörg og stór í Papey og hefur verið sigið þar eftir svartfuglseggjum frá ómunatíð. Fuglabjörgin eru stórfengleg 20-45 m. á hæð. Við Árhöfnina eru helstu fuglabjörgin, Góðabjarg og Skálm. Önnur helstu fuglabjörg eru Hrafnabjörg, Eldriðinn, Höfðinn og Mávabyggðir. Sjón er sögu ríkari og gott að hafa myndavélina tilbúna.

Í Papey eru tvær góðar hafnir frá náttúrunnar hendi. Aðalhöfnin er Selavogur í suðvestur. Hin höfnin er Áttahringsvogur (Áttæringsvogur) norðaustan til á eyinni.

Papey á sér merka sögu í fornþómenntum. Þar er sagt frá veru Papa fyrir komu norrænna manna til landsins. Paparnir voru írskir munkar sem höfðu sig á brott þegar Norðmenn fóru að byggja Ísland, því þeir vildu ekki vera innan um heiðna menn. Engar minjar um veru munkana hafa fundist í eyinni en örnefni í Papey sem minna á veru hinna írsku munkna eru til dæmis Írskuhólar og Papatættur. Heimildir herma að fyrsti ábúandi eyjunnar sem kunnugt er um hafi verið séra Eiríkur Höskuldsson prestur að Heydölum, Einarssonar skálds Sigurðssonar. Hann var prestur að Hálsi í Hamarsfirði 1635-1653.

Margir hafa búið í Papey og átt það sameiginlegt í gegnum tíðina að vera taldir vel efnaðir bændur. Í Papey er gamalt íbúðarhús sem Gísli í Papey byggði rétt upp úr aldamótum 1900. Þar er einnig minnsta og elsta timburkirkja landsins, talin vera frá árinu 1807.

Rétt norðan við bæinn Bjarg í Papey gnæfir stór og fallegur hóll sem nefndur er Einbúi, þar er sagt að sé kirkja huldufólksins.

Upp af Árhöfninni sem er suðvestan til á eyinni, þar sem aðalbjörgin eru, stendur svipmikill klettur sem ber nafnið Kastali. Í Kastalanum býr huldufólkið í Papey og þar hefur það alltaf fengið að vera í friði og sátt við mannfolkið.

Uppi á Hellisbjargi sem hæst ber á eyinni, 58 metrar á hæð, stendur siglingavitinn sem byggður var árið 1922. Þaðan er gott útsýni yfir eyjuna og til allra átta.

**Ferðir daglega frá 15. maí til 15. september, brottför klukkan 13:00. Ferðin tekur 4 klst.**

**Sérferðir s.s.:**

- Sela- og fuglaskoðunarferðir
- Selaskoðunarferð
- Sjóstangaveiði

Hafið samband við okkur til að fá nánari upplýsingar.

